

FUNDARGERÐ

Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar í sal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík 27. ágúst 2014 kl. 14:00.

Þetta er fyrsti fundur nýkjörinnar Héraðsnefndar Þingeyinga (HNP) að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Mætt voru:

Héraðsnefndarfulltrúarnir Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Jónas Einarsson og Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Reynir Atli Jónsson frá Langanesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson frá Svalbarðshreppi og Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi. Yngvi Ragnar Kristjánsson fulltrúi Skútustaðahrepps boðaði forföll við upphaf fundar.

Þá sátu fundinn Friðrik Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Norðurþings og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning

Fundarboðandi skv. samþykktum HNP, forseti bæjarstjórnar Norðurþings, Friðrik Sigurðsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa.

2. Kjör formanns og varaformanns skv. 11. gr. samþykkta HNP

Aldursforseti, Arnór Benónýsson, stýrði kjöri formanns og varaformanns. Formaður og varaformaður til fjögurra ára voru kjörnir Arnór Benónýsson og Óli Halldórsson.

Tók nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.

3. Kjör í Náttúruverndarnefnd sbr. 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Kjósa skal þrjá aðalmenn og þrjá til vara.

Kosningu frestað til næsta fundar.

4. Kjör í stjórn Menningarmiðstöðvar Þingeyinga (MMP) sbr. 5. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar

Kjósa skal sjö aðalmenn og sjö til vara til fjögurra ára og skal formaður kjörinn sérstaklega.

Aðalmenn voru kjörnir:
Friðrik Sigurðsson, formaður
Árni Pétur Hilmarsson
Halldóra S Ágústsdóttir
Margrét Hólm Valsdóttir
Sigríður Kjartansdóttir
Stefán Eggertsson
Sverrir Haraldsson

Varamenn voru kjörnir:
Atli Vigfússon
Daníel Hansen
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Guðrún Brynleifsdóttir
Nanna Þórhallsdóttir
Steinþór Heiðarsson
Þórgunnur R. Vigfúsdóttir

Skv. samþykktum MMP skulu þrír aðalmenn og þrír varamenn koma úr röðum héraðsnefndarfulltrúa. Þar sem ofangreind kosning er í bága við þau ákvæði samþykkir héraðsnefnd, sem jafnframt skipar fulltrúaráð MMP, að leggja til breytingu á samþykktunum á aðalfundi MMP sem fram fer strax að loknum héraðsnefndarfundum, þess efnis að umrætt ákvæði falli niður.

5. Kjör í almannavarnarnefnd sbr. 2. gr. samstarfssamnings sveitarfélaganna um almannavarnir

Kjörnir eru þrír aðalmenn og jafn margir til vara en jafnframt eiga sæti í nefndinni eftirtaldir aðilar starfa sinna vegna: Sýslumaðurinn á Húsavík, sveitarstjóri Norðurþings, byggingafulltrúi Norðurþings, slökkviliðsstjóri Norðurþings og yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. Varamenn þeirra eru staðgenglar þeirra í starfi.

Samþykkt að kjósa í nefndina þrátt fyrir að til standi að breyta stjórnsýslu almannavarna í héraði sbr. næsta dagskrárlið. Er það gert til að tryggja að stjórnkerfi almannavarna í héraði sé fullmannað.

Aðalmenn voru kjörnir:
Friðrik Jónsson
Bjarni Höskuldsson
Þórarinn Þórisson

Varamenn voru kjörnir:
Gísli Árnason
Stefán Haukur Grímsson
Þórir Örn Gunnarsson

6. Breytt stjórnsýsla almannavarna í héraði

Fyrir liggur erindi framkvæmdastjóra Almannavarna Þingeyinga og lögreglustjórans á Húsavík til sveitarfélaganna um endurskoðun samstarfssamnings þeirra um almannavarnir dags. 27. janúar sl. Málið var til umfjöllunar á fundi HNP 5. maí sl. (liður 8) og með vísun til þeirrar bókunar samþykkir héraðsnefnd að fela Steinþóri Heiðarssyni og framkvæmdastjóra að vinna tillögu að breyttum samstarfssamningi sveitarfélaganna í samráði við forsvarsmenn almannavarna í héraði. Samningurinn verði síðan tekinn til afgreiðslu í héraðsnefnd og vísað til sveitarfélaganna til afgreiðslu.

7. Viðhald minnisvarða um Einar Benediktsson

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu og vísaði m.a. til bókunar fyrri héraðsnefndar frá 5. maí sl. (liður 11). Jafnframt hefur verið óskað eftir samstarfi við Vegagerðina og Jónas Jónasson bónda á Héðinshöfða um frágang á svæðinu umhverfis. Er gert ráð fyrir að þeir verkliðir verði unnir á næsta ári og afstaða tekin til þeirra við gerð fjárhagsáætlunar. Fyrir liggur kostnaðarmat upp á kr. 250 þús. til viðgerðar á stöplinum undir minnivarðanum.

Samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að láta gera við stöpulinn og verði fjármunir teknir af óráðstöfuðum fjármunum og rúmist innan fjárhagsáætlunar ársins.

8. Endurskoðun samþykktar HNP

Fyrir liggur að ýmis ákvæði í samþykktum nefndarinnar þarfnast endurskoðunar, m.a. vegna lagabreytinga en einnig vegna breytts hlutverks nefndarinnar.

Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að yfirfara samþykktirnar og leggja tillögu að breyttum samþykktum fyrir næsta fund hennar.

9. Önnur mál

a) Óli Halldórsson gerði að umtalsefni minnkandi samstarf sveitarfélaga í héraði og hvaða afstöðu sveitarfélögin hefðu til þess almennt. Skýrði hann frá vilja núverandi meirihluta í Norðurþingi að efla samstarfið og varpaði þeirri spurningu til fundarmanna hvort vilji væri til þess og þá hvernig best yrði staðið að því.

Allir fulltrúar tjáðu jákvæð viðhorft til aukins samstarfs sveitarfélaganna um sameiginleg hagsmunamál, t.a.m. gagnvart ríkisvaldinu og þá m.a. á vettvangi Eyþings. Varðandi sameiginleg rekstrarverkefni þyrfti að skoða hvert þeirra fyrir sig. Fyrsta skrefið í auknu samstarfi gæti falist í meiri virkni á vettvangi HNP sem hins sameiginlega samráðsvettvangs sveitarfélaganna.

Rætt um samráðsfund sem stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hefur boðað til nk. föstudag með forsvarsmönnum atvinnuþróunarfélaga, þekkingarsetra og vaxtar- og menningarsamninga.

b) Stefnt er að næsta fundi fyrir septemberlok þar sem m.a. verði farið yfir stöðu mála fyrir aðalfund Eyþings.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15

Reinhard Reynisson fundarritari